

## Hverfisráð Hlíða

Ár 2018, fimmtudaginn. 17. apríl, var haldinn 151. fundur hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn á Laugavegi 77 og hófst kl. 16.03. Viðstödd voru: Margrét M Norðdahl, Heiðrún Ólafsdóttir, Örn Þórðarson og Jón Finnbogason áheyrnarfulltrúi. Einnig sátu fundinn þau Sigprúður Erla Arnardóttir og Hörður Heiðar Guðbjörnsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist

1. Fram fer umræða um innsendar umsóknir í verkefninu „hverfið mitt“.  
Unnur Margrét Arnardóttir og Bragi Bergsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.
  - Kl. 16.12 tekur Eva Baldursdóttir sæti á fundi.
  - Kl. 17.25 vikur Margrét Norðdal vikur af fundi.
2. Lagt fram yfirlit yfir umsóknir sem bárust í Forvarnarsjóð Reykjavíkurborgar. Samþykkt að veita verkefninu Fróðir foreldrar styrk að upphæð 222.500 kr. Öðrum styrkumsóknum hafnað.
3. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs varðandi Skógarhlíðar 22, Þóroddsstaðir, dags. 20. mars 2018, sbr. samþykkt á fundi ráðsins frá 8. mars 2018.
4. Lagt fram bréf sem sent var á Hjálmar Sveinsson, formann umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 23. mars 2018, þar sem hverfisráð Háaleitis og Bústaða, Laugardals og Hlíða óskar eftir því að nýrri strætóleið verði komið á laggirnar í Reykjavík.
5. Fram fer umræða um loftgæði við leikskóla í 105 Reykjavík.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Lögð fram svohljóðandi Hverfisráð Hlíða óskar eftir því við Heilbrigðiseftirlitið að mæling á loftgæðum fari fram við leikskólana Björtuhlíð og Hlíð í 105 Reykjavík með því að koma fyrir farstöð við leikskólana. Hverfisráð óskar eftir því að niðurstöður mælinga verði miðlað til ráðsins um leið og mæling hefur farið fram.

### Fundi slitið kl. 17.33

Eva Baldursdóttir

Örn Þórðarson

Heiðrún Ólafsdóttir